

## Nefndarálit

### um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (gildisdagsetningar, virðisaukaskattsskylda alþjóðaflugvalla o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hlyn Ingason frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Óskar Albertsson og Bjarna Lárusson frá ríkisskattstjóra og Sveinbjörn Indriðason, Karl Alvarsson og Helgu Erlu Albertsdóttur frá Isavia ohf.

Með frumvarpinu verða lögfest ný ákvæði um leiðréttingu á virðisaukaskatti eftir frum-ákvörðun, þ.e. eftir upphaflega ákvörðun virðisaukaskatts á hverju uppgjörstímabili. Byggt er á tillögum starfshóps fjármála- og efnahagsráðuneytisins um gildisdagsetningar í virðisaukaskatti er varða m.a. vaxtaákvörðun í þeim tilfellum þegar skuld og inneign myndast við sömu skattbreytingu.

Jafnframt er ætlunin með frumvarpinu að skýra nánar skattskyldu rekstraraðila alþjóðaflugvalla á Íslandi en það er talið nauðsynlegt til að gæta samræmis við það sem gildir í nágrannalöndum. Tekin eru af öll tvímæli um að tiltekin þjónusta við millilandaför og farþega þeirra skuli teljast til veltu sem er undanþegin virðisaukaskatti.

Með frumvarpinu er einnig bætt við heimildum til endurupptöku, endurákvörðunar og enduráætlunar á virðisaukaskatti og leiðrétt heimild til færslu innskatts vegna fólksbifreiða til nota í ferðaþjónustu. Þá eru sett skýrari ákvæði um heimildir erlendra fyrirtækja til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á vöru og þjónustu hér á landi til endursölu og endanlegra nota en með því er komið í veg fyrir mögulega samkeppnisröskun gagnvart innlendum aðilum.

Loks eru í frumvarpinu gerðar ýmsar minni háttar breytingar á lögnum eða viðbótum við lögin sem miða að auknum skýrleika og nánari skilgreiningu á tilteknum ákvæðum þeirra, m.a. er varðar afskráningu aðila af virðisaukaskattsskrá og skyldu aðila sem felldur hefur verið af virðisaukaskattsskrá til skila á innheimtum skatti í ríkissjóð.

Frumvarpið er seint fram komið, sem meiri hlutinn gerir alvarlegar athugasemdir við, en talið er mikilvægt að það nái fram að ganga fyrir lok árs. Í ljósi þess er ekki mögulegt fyrir efnahags- og viðskiptanefnd að senda frumvarpið til umsagnar til helstu hagsmunaaðila. Þar sem frumvarpið miðar fyrst og fremst að því að auka skýrleika laga um virðisaukaskatt og er ekki íþyngjandi telur meiri hlutinn rétt að greiða leið frumvarpsins. Frumvarpið var kynnt almennungi og hagsmunaaðilum í opinni samráðsgátt ráðuneytanna 19.–25. nóvember. Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar frá 23. nóvember er mikilli ánægju lýst með ákvæði 4. og 12. gr. frumvarpsins. Þar er annars vegar um að ræða heimild ferðaþjónustuaðila til að færa innskatt vegna torfærubifreiða og hins vegar skýrari ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Breytingarnar leiða til jafnari samkeppnisstöðu á milli innlendra og erlendra ferðaþjónustuaðila.

Á meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til í 9. gr. frumvarpsins er að heimilt verður að fella niður dráttarvexti sem safnast hafa vegna vanskila á virðisaukaskatti en slíkri heimild

hefur ekki verið fyrir að fara í lögum áður. Á fundi nefndarinnar bentu fulltrúar ríkisskattstjóra nefndinni á að hagur væri af því að sömu sjónarmið giltu um það hvenær fella mætti niður dráttarvexti og álag skv. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, ekki síst þar sem hvort tveggja væri á hendi ríkisskattstjóra eftir að breyting á fyrirkomulagi varðandi innheimtu opinberra gjalda tekur gildi um komandi áramót. Af texta 9. gr. frumvarpsins, sem og útskýringum í greinargerð þess, megi hins vegar ætla að skilyrði fyrir niðurfellingu dráttarvaxta eigi að vera strangari en við á um niðurfellingu álags, sbr. 6. mgr. 27. gr. virðisaukaskattslaga.

Meiri hlutinn er sammála því að bagalegt væri að horfa þyrfti til mismunandi þátta varðandi niðurfellingu dráttarvaxta vegna vanskila virðisaukaskatts annars vegar og álags vegna sömu vanskila hins vegar, enda um sambærileg refsikennnd viðurlög að ræða í hvoru tilfelli og innheimta þeirra, sem og ákvörðun um niðurfellingu, á hendi sama aðila. Telur meiri hlutinn því rétt að í framkvæmd verði ríkisskattstjóra heimilt að líta til sömu eða sambærilegra sjónarmiða þegar kemur að ákvörðun um niðurfellingu hvors sem er, dráttarvaxta eða álags, vegna vanskila á virðisaukaskatti.

Að framansögðu virtu leggur meiri hlutinn til að málið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 11. desember 2018.

Óli Björn Káráson,  
form., frsm.

Brynjar Níelsson.

Þorsteinn Víglundsson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Oddný G. Harðardóttir.

Ólafur Þór Gunnarsson.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Ásgerður K. Gylfadóttir.